

Nd.

71. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 68 23. júní 1932, um breyting á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlagskostnaðar, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði, en aldrei nema fyrir 2 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935 og taka til sjúkrakostnaðar þurfalinga almanaksárið 1934.

Greinargerð.

Með breytingu á fátækralögunum frá 23. júní 1932 voru felld úr gildi ákvæðin um skyldu rikissjóðs til að taka þátt í kostnaði bæjar- og sveitarfélaga við dvöl þurfalinga í sjúkrahúsum árlangt eða árum saman. — Ársdvalarkostnaður í sjúkrahúsi mun venjulega vera frá 1600—2000 kr. fyrir hvern sjúkling, og fellur sá kostnaður allur á bæjar- eða sveitarsjóði, ef fátækraútgjöld þeirra fara ekki meir en 15% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu.

En reynslan hefir þegar leitt í ljós, að sveitarfélög, sem ekki ná áðurgreindu marki, geti þrátt fyrir það verið verr stödd fjárhagslega vegna ýmsra annara gjalda, er á þeim hvíla, en þau sveitarfélög, er styrksins njóta. Breyting þessi hefir því valdið litlum og fátækum sveitarfélögum svo tilfínnanlegum útgjöldum, að til vandræða horfir, ef ekkert er að gert. Er frv. þetta flutt til að létta þessa örðugleika.